# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 112 19. febrúar 1988, um tilgreiningu einingartölu vara í aðflutningsskýrslu.**

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar:

2208.1001 — 2208.1009, 4410.1001 — 4411.9909, 4412.1101, 4412.1201, 4412.1901, 4412.2101, 4412.2901, 4412.9101, 4412.9901, 4413.0001 — 4413.0009 og 8715.0000.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1988.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

Nr. 195 18. apríl 1988

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á söluumboðseyðublaði og söluyfirlitseyðublaði Félags fasteignasala.**

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. og 10. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987, eyðublað fyrir söluumboð og eyðublað fyrir söluyfirlit sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt eru sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Jafnframt er felld niður staðfesting á sölueyðublaði sama aðila samkvæmt auglýsingu nr. 568/1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. apríl 1987.*

F.h.r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

**Fylgiskjal I.**

## SÖLUUMBOÐ

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.0 staðfest af dómsmálaráðuneytinu skv. ákvæðum 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987.

Undirrit........ veitir hér með

umboð til að annast sölu eignarinnar

| | | |
|---|---|---|
| Eigandi eignarinnar | | |
| Kennitala | Sími H. | V. |
| Heimilisfang | | |
| Maki eiganda | | |
| Kennitala | Sími H. | V. |

| | | |
|---|---|---|
| Þinglesinn eigandi | Kt. | Sími |
| Umboðsmaður eiganda | Kt. | Sími |

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaupsamning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggerninga sem tengjast sölu eignarinnar.
Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhögun starfa fasteignasalans, sem og um greiðslu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

### TILHÖGUN SÖLU, SÖLUÞÓKNUN

Eignin er sett í ☐ einkasölu ☐ almenna sölu
Söluþóknun skal vera % af söluverði eignarinnar er greiðist við undirritun kaupsamnings.

### AUGLÝSINGAR

☐ Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað sinni á venjulegan hátt í eindálki, og síðan að beiðni og á kostnað eiganda sinnum á venjulegan hátt í eindálki, og áætlast sá kostnaður kr.
☐ Eignin skal auglýst með sérauglýsingum samkvæmt sérstöku samkomulagi.
☐ Eignin skal ekki auglýst.
Venjuleg auglýsing í eindálki er 1.5—2.0 dálksentimetrar. Útlagður auglýsingakostnaður skal greiddur samkv. gjaldskrá dagblaðs hverju sinni.

### GILDISTÍMI

Umboðið gildir ............ daga, eða uns eignin hefur verið seld.

### GREIÐSLUSTAÐUR KAUPVERÐS

Ef eignin verður seld samkvæmt umboði þessu, skal greiðslustaður kaupverðs verða á bankareikning nr. .................... hjá .................... .................................... Eigandi reikningsins er ....................................

### ÖFLUN UPPLÝSINGA VEGNA GERÐAR SÖLUYFIRLITS UM EIGNINA SBR. 10. GR. L. NR. 34/1986

Vegna gerðar söluyfirlits skal eigandi innan þriggja daga leggja fram eftirtalin gögn:
(1) Veðbókarvottorð, (2) afrit af öllum skuldabréfum áhvílandi á eigninni og kvittanir fyrir síðustu greiðslum af öllum áhvílandi lánum, (3) tilkynningu um fasteignamat, (4) fasteignagjaldseðil og greiðslukvittanir fyrir gjöldunum, (5) brunabótamatsvottorð og greiðslukvittun vegna brunatryggingar, (6) yfirlit um stöðu hússjóðs auk upplýsinga um yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir, (7) afrit af eftirtöldum skjölum: eldra afsal eða kaupsamningur, eignaskiptasamningur, sérstakar kvaðir, (8) samþykktar teikningar.
Fasteignasala er heimilt að afla upplýsinga um stöðu áhvílandi veðskulda hjá skuldareigendum eða innheimtuaðilum skulda, reynist það nauðsynlegt.

Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja störf sín af alúð og samviskusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Framangreind eign var skoðuð hinn / og skoðunargjald kr. með söluskatti greitt, sem skal dregið frá söluþóknun ef af sölu verður.
Það athugist að öll þjónusta fasteignasala er söluskattsskyld.

Til staðfestu framanrituðu hafa aðilar ritað nöfn sín hér undir.

| | |
|---|---|
| Eigandi/umboðsmaður eiganda | Staður og dagsetning |
| Samþykki maka: | Fasteignasali/umboðsmaður fasteignasala |

1.0 SÖLUUMBOÐ – FÉLAG FASTEIGNASALA

**Fylgiskjal II.**

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 2.0 staðfest af dómsmálaráðuneytinu skv. ákvæðum 10. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987.

# SÖLUYFIRLIT

Fasteign

| Söluumboð gildir til | einkasala | alm. sala |
|---|---|---|
| Hvenær skoðað | skoðunarmaður | |

| | Kennitölur | Símar |
|---|---|---|
| Eigandi<br>Maki<br><br>Leigjandi<br>Umboðsm. eig.<br>Þingl. eig. | | H.<br>V. |

Skráning eignar skv. skrá Fasteignamats ríkisins (eignarhluta skal færa í % ef eign er ekki sérmetin).

| Sveitarfélag | Staðgreinir/Þjóðskrárnr. | Mhl. | Nh. | Nr. íb. | | Mhl. | Nh. | Nr. íb. | Eignarhluti % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Fylgi-eining ▶ | | | | |

| | Brunabótamat m.v.bvt. | Fasteignamat (hús) | Lóðarmat | Fasteignamat alls | Leigutekjur á mánuði |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúð<br>Bílskúr | | | | | |

| | Byggingarefni | Byggingargerð | Byggingarár | Flatarmál | Afhending |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúð<br>Bílskúr | | | | | |

Fasteignagjöld 19 kr. Brunatr. iðgjald 19 kr. Húsgjöld á mánuði kr.

| Lóðarréttindi | Kvaðir | Lýsing bílskúrs |
|---|---|---|

| Upphitun | Gler | Þvottahús | Inngangur | Lóð |
|---|---|---|---|---|

| Fyrirhugaðar endurbætur | Gallar |
|---|---|

Nánari lýsing

| Söluverð | Útborgun | Yfirteknar skuldir | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|

**Greiðslustaður kaupverðs:**

Sundurliðun áhvilandi veðskulda. (Y = yfirtekið, A = aflýsist, S = samkomulag)

| Veðr. | Skuldareigandi | Dags. veðbr. | Gjalddagar | Vextir | Vísitala | Upphafleg fjárhæð | Eftirstöðvar nú án vísitölu/með vísitölu | YAS | Fjöldi afb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | |

Vanskil ef einhver eru, á veðréttum alls kr.

2.0 SÖLUYFIRLIT - FÉLAG FASTEIGNASALA

Grunnmynd:

Eftirtalin gögn liggja frammi:

- ☐ Veðbókarvottorð
- ☐ Afrit allra áhvílandi skuldabréfa
- ☐ Kvittanir síðustu afborgana allra lána
- ☐ Tilkynning um fasteignamat
- ☐ Álagningarseðill fasteignagjalda
- ☐ Kvittanir vegna fasteignagjalda
- ☐ Brunabótamatsvottorð
- ☐ Kvittun fyrir brunatryggingu
- ☐ Yfirlit um stöðu hússjóðs
- ☐ Yfirlýsing húsfélags um væntanlegar eða yfirstandandi framkvæmdir

- ☐ Ljósrit afsals
- ☐ Ljósrit kaupsamnings
- ☐ Ljósrit eignaskiptasamnings
- ☐ Umboð
- ☐ Yfirlýsingar
- ☐ Söluumboð
- ☐ Teikningar
- ☐
- ☐
- ☐
- ☐